

Skipulags- og byggingarnefnd

FUNDUR – 4. mars 2004

Fundur haldinn í Skipulags- og byggingarnefnd Blönduóssbæjar fimmtudaginn 4. mars 2004 kl. 17,30 í félagsheimilinu. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Erindi: Baldur Haraldsson múrarameistari kt. 250562-4039 Furuhlíð 6, Sauðárkróki sækir um staðbundna löggildingu í umdæmi Blönduóssbæjar samkv. gr. 37.2 í byggingareglugerð nr, 441 frá 1998.
2. Erindi: Björn Magnússon og Ingunn L. Hjaltadóttir sækja um leyfi til að breyta sex gluggum í húsi sínu Urðarbraut 16, Blönduósi.
3. Erindi: Páll Ólafsson Holtabraut 8, Blönduósi óskar eftir afstöðu byggingarnefndar til hugmynda hans um stækkun á húsinu Holtabraut 8, meðfylgjandi eru skissur til skýringar.
4. Erindi: NÝJA TEIKNISTOFAN EHF. fyrir hönd Olúfélagsins ehf. Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, óskar eftir að fá til afnota hluta lóðarinnar Norðurlandsvegi 2, sem athafnasvæði fyrir stóra bíla, í tenglum við starfsemi á lóðinni Norðurlandsvegur 3.
5. Erindi: Hjörtur Karl Einarsson fh. undirbúningshóps um uppbyggingu húsdýragarðs á Blönduósi, óskar eftir landi fyrir húsdýragarð. Er þá einkum horft á tún meðfram Hnjúkabyggð í átt til “gamla bæjarins”.
6. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Tekið var fyrir erindi frá Baldri Haraldssyni Furuhlíð 6, Sauðárkróki, þar sem hann sækir um staðbundna löggildingu sem múrarameistari í umdæmi Blönduóssbæjar samkv. gr. 37.2 í byggingarreglugerð. Samþykkt samhljóða.
2. Erindi frá Birni Magnússyni og Ingunni Hjaltadóttur þar sem þau sækja um leyfi til að breyta gluggum í húsi sínu að Urðarbraut 16, Blönduósi. Samþykkt samhljóða.
3. Lagt var fyrir bréf frá Páli Ólafssyni þar sem óskað er afstöðu byggingarnefndar til hugmynda um stækkun á húsinu Holtabraut 8. Meðfylgjandi voru skissur til skýringar. Erindinu frestað vegna skorts á gögnum frá byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra til næsta fundar.
4. NÝJA TEIKNISTOFAN EHF. Erindinu frestað.

5. Erindi frá Hirti Einarssyni fh. undirbúningshóps um húsdýragarð á Blönduósi. Nefndin samþykkir eftirfarandi samhljóða. *Skipulags- og byggingarnefnd fagnar áhuga á uppbyggingu húsdýragarðs og telur að staðsetning garðs á túnunum meðfram Hnjúkabyggð í átt til gamla bæjarins góða, enda telur nefndin að hún falli að aðalskipulagi bæjarins. Um aðra staðsetningu húsdýragarðs þarf mun ýtarlegri umfjöllun og umræðu því önnur staðsetning leiðir meðal annars til breytinga á skipulagi bæjarins.*
6. Önnur mál engin.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið.

Gauti Jónsson
Guðmundur Ingbórsson
Jón Sigurðsson
Bragi Árnason
Hólmfríður Jónsdóttir
Rolf Árnason